

Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 17. nóvember 2008

Mættir: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Brynja Oddgeirsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir. Auk þess mættu úr foreldraráði: Ragnar Sævarsson, Guðbjörg Leifsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir og Erlingur Jens Leifsson.

1. Foreldraráð

Foreldraráð mætti á fundinn til að ræða málefni skólaráðs. Ákveðið var að Hulda Klara og Kristjana yrðu fulltrúar foreldrafélags og foreldraráðs í skólaráði.

2. Fjármál FFA

Félagið stendur mjög vel núna. Rætt var um að nýta þessa peninga til góðra verka í vetur og ýmsar hugmyndir viðraðar.

3. Flóamarkaður

Jónína skólastjóri tók mjög vel í hugmyndina um flóamarkað og veitti leyfi fyrir því að foreldrar gætu komið með föt á skrifstofu skólans. Ákveðið var að fresta markaðnum um eina viku og halda hann helgina 29. og 30. nóv. Foreldrar geta komið með föt og skó í skólann vikuna 24. – 28. nóv. Jóna Guðrún mun koma tilkynningu í tölvupósti á foreldra og forráðamenn í gegnum skrifstofuna auk þess að útbúa auglýsingar og hengja upp í nokkrum verslunum og leikskólum hverfisins. Allur ágóði verður settur í sérstakan sjóð til styrktar nemendum. Stjórnarkonur munu hittast föstudaginn 28. nóv. til að undirbúa markaðinn. Einnig verður haft samband við bekkjafulltrúa skólans til að auglýsa eftir sjálfboðaliðum.

4. Laufabrauð

Ákveðið var að fresta laufabrauðsgerð til 4. desember nk. Kristjana mun panta kökurnar hjá Valgeiri eða Ömmubakstri. Haft verður samband við foreldra nemenda í 7.bekk en þau ætla að bjóða upp á veitingar til sölu og safna þannig upp í Reykjaferð. Jóna Guðrún mun síðan koma upplýsingum í tölvu og töskupósti til foreldra og nemenda í gegnum Hrafnhildi á skrifstofunni.

5. Fréttabréf

Jóna Guðrún mun senda stjórnarkonum efni blaðsins til samþykktar áður en því verður dreift.

6. FFGÍR

Hafdís sagði að fundi FFGÍR hefði verið frestað til 25. nóv. nk.

Fundi slitið

Fundaritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir